

**81** 4. 10. gr. breytist þannig, að orðin »á sinn kostnað« í fyrstu málsgrein falli  
20. maí. burt. Aftan við greinina bætist:

Reynist krafa kæranda á rökum byggð, greiða báðir málsaðilar kostnaðinn; annars greiði kærandi hann allan.

5. 12. gr. orðist þannig:

Skýlt er hverjum þeim manni, sem á 6 kindur á fjalli, að gjöra fjallskil fyrir fé sitt að tiltölu rétttri við aðra fjáreigendur í hreppnum, og enn fremur fyrir fé því, sem hann hefir tekið til uppreksturs úr öðrum hreppum.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890, og nr. 36, 24. nóv. 1893, saðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. júlí 1911.

Í stjórnarráði Íslands, 20. maí 1911.

**Kristján Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar Ágústs Guðmundssonar frá Mýrum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 22. maí 1911.

Skipulagsskráin er þannig:

**82**  
22. maí.

## Skipulagsskrá

fyrir „Minning Guðmundar Ágústs Guðmundssonar frá Mýrum“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Minning Guðmundar Ágústs Guðmundssonar frá Mýrum« og er stofnaður með gjafabréfi Guðnýjar Guðmundsdóttur frá Mýrum, dags. 8. febrúar 1898.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands og vextir lagðir við höfuðstól, þangað til þeir nema 300 kr. Upp frá því á árlega að verja því af vöxtunum, sem umfram er 100 kr., til að styrkja karlmenn eða kvenmenn til náms á bunnarskóla, sjómannaskóla eða kvennaskóla.

## 3. gr.

82

22. maí.

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru:

- a. að styrkþegi sé á aldurs skeiðinu frá 16—24 ára.
- b. að hann hafi verið heimilisfastur í Ísafjarðarsýslu í tvö síðastliðin ár;
- c. að hann hafi vottorð sóknarprests og annars valinkunns manns um gott siðferði.

Að öðru jöfnu skulu þeir ganga fyrir, sem heima eiga í Dýrafirði.

## 4. gr.

Styrkurinn til hvers, skal fyrst í stað vera 100 kr. á ári, þó má hann nema allt að 200 kr., en því aðeins að styrktir verði minnst tveir á ári. Þegar ársvextir nema 1000 kr., verður styrkurinn til hvers venjulega 200 kr., en má þó nema allt að 300 kr.

## 5. gr.

Styrkinn má eigi veita sama manni oftár en tvisvar, og það því aðeins að sérstakar ástæður mæli með, og eigi þurfi þessvegna að synja ótvíræðilega efnilegum mönnum, og skal þá styrkurinn veittur tvö ár samfleytt.

## 6. gr.

Sjóðurinn stendur undir stjórn sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu, og veitir hún styrk samkvæmt skipulagsskránni. Verði breyting gjörð á núverandi fyrirkomulagi á sýslustjórninni, hverfur stjórn sjóðsins undir þann lið héraðsstjórnarinnar, er næst kemur í stað sýslunefndar.

## 7. gr.

Sýslunefndin kys árlega mann, er sér um reikninga sjóðsins. Almanaksárið er reikningsár hans, og skal ársreikningurinn lagður fram á aðalfundi sýslunefndar. Eftir að reikningurinn er endurskoðaður, leggur sýslunefnd úrskurð á

**82** hann, og skal hann síðan birtur í Stjórnartíðindunum og blaði, er út er gefið í 22. maí. Ísafjarðarsýslu.

Þannig samþykkt í einu hljóði á aðalfundi sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu 6. febrm. 1911.

Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, 16. febrm. 1911.

*Magnús Torfason.*

**83**  
26. maí.

## Reglugjörð

fyrir kennaranámsskeið í Reykjavík.

1. gr.

Það er tilgangur námsskeiðsins að veita barnakennurum landsins verklegar leiðbeiningar í barnakenslu í öllum þeim greinum, sem kendar eru í barnaskólunum, og eftir því sem tími vinnst til, auka þekkingu þeirra í uppeldisfræði og öðrum þeim fræðigreinum, sem barnakennarar þurfa að vera vel að sér í.

2. gr.

Verklegar kensluæfingar skulu fara fram að minsta kosti 3 stundir á degi hverjum meðan námsskeiðið stendur, og skulu kennarar kennaraskólans, eða þeir aðrir, sem falið verður að kenna við námsskeiðið stýra kensluæfingunum, og halda sjálfir fyrirmyndarkenslustundir við og við, en láti nemendur námsskeiðsins að jafnaði kenna undir umsjón sinni; þeir leiðbeina nemendum námsskeiðsins um undirbúning undir hverja kenslustund, og hafa stutta viðræðu við þá um kensluna eftir að hverri kenslustund er lokið.